

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2020

frá 25. september 2020

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1783 frá 1. október 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 548/2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar litla, meðalstóra og stóra aflspenna ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 6h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 548/2014) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1783**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1783 frá 1. október 2019 (Stjtið. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 107).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 26i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 548/2014) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1783**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1783 frá 1. október 2019 (Stjtið. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 107).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1783, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 107.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.